

Nd.

107. Frumvarp

til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 3. gr. laga (nr. 86) 22. nóv. 1907, sbr. 5. gr. laga (nr. 75) 22. nóv. s. á., að því er kemur til kosningarréttar, kjörgengis o. fl. í bæjarmálum í Reykjavík og í Hafnarfirði, skulu og gilda í öðrum kaupstöðum landsins, sem og í hreppsfélögunum hér á landi.

2. gr.

Vinnuhjú hafa og kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga, svo sem segir í 1. gr., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem þar eru sett, að því er snertir karla og konur, sem eigi eru öðrum háð sem hjú.